

Nd.

431. Frumvarp til laga

[186. mál]

um sérstaka aðstoð við félagsmenn verkalýðsfélaga til byggingar íbúðarhúsa.

Flm.: Eðvarð Sigurðsson, Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Þeir félagsmenn verkalýðsfélaga, sem eigi hafa rétt til lána úr lífeyrissjóðum, skulu eiga rétt á að fá að láni úr atvinnuleysistryggingasjóði af sérreikningi verkalýðsfélags síns í sjóðnum 125 þús. kr. Skulu þeir og hafa þennan rétt, þótt þeir fái lán frá húsnæðismálastjórn og aukalán þau, sem úthlutað er til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga samkv. lögum nr. 97 22. des. 1965, sbr. lög nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, 7. gr., B-lið.

Stjórn viðkomandi verkalýðsfélags úthlutar lánunum, en stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs ávísar þeim síðan til húsnæðismálastjórnar, er sér um afgreiðslu þeirra og síðar um innheimtu.

Lán þessi skulu vera til 33 ára og greiðast með jöfnum afborgunum á 30 árum, en vera afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Vextir skulu vera 4%. Tryggja skal greiðslu lánanna með 1. eða 2. veðrétti í viðkomandi íbúð.

2. gr.

Stjórn verkalýðsfélags má og veita jafnhátt lán og það, sem um ræðir í 1. gr., úr sérreikningi verkalýðsfélags í atvinnuleysistryggingasjóði, og með þeim kjörum og kvöðum, sem þar er fyrir mælt, til félagsmanna verkalýðsfélaga, sem ekki eiga rétt á láni úr lífeyrissjóði, til endurbygginga á íbúð eða kaupa á eldri íbúð, enda fullnægi slík íbúð kröfum heilbrigðisyfirvalda og byggingarsamþykktá.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal úthlutað samkvæmt þeim í fyrsta sinn á árinu 1967 til viðbótar þeim lánunum, er húsnæðismálastjórn þá veitir, eða út á þær umsóknir, sem húsnæðismálastjórn hefur tekið gildar til lánveitinga á því ári, en eigi getað sinnt að sinni vegna lánsfjárskortis.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt til þess að tryggja þeim verkamönnum og öðrum meðlimum verkalýðsfélaga, sem eigi hafa rétt til lána úr lífeyrissjóðum, rétt til aukalána í íbúðarhúsaþbyggingar. Er hugmyndin sú að tryggja með þessu móti, að atvinnuleysistryggingasjóður, þessi mikla sameign verkalýðsfélaganna, sem hvert þeirra á sinn sérreikning í, notist hvað lán til íbúðarhúsaþbygginga snertir eins og lífeyrissjóður væri.

Skulu lánin vera að minnsta kosti 125 þús. kr., og er þá reiknað með, að viðkomandi fái 75 þús. kr. aukalán þau, sem ráð er gert fyrir til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga samkv. lögum nr. 97 22. des. 1965. Fengi viðkomandi eigi slíkt lán, mætti lánið úr atvinnuleysistryggingasjóði vera hærra. — Með þessu móti gætu þeir meðlimir verkalýðsfélaga, sem eigi hafa aðgang að lífeyrissjóðum og oft eru mjög tekjulágir menn, fengið allrifleg lán til íbúðabygginga, til þess að gera þeim kleift að ráðast í slíkar byggingar.

Öruggt er, að atvinnuleysistryggingasjóður mundi standa undir þessum lánveitingum, a. m. k. svo lengi sem ekki verður stórfellt atvinnuleysi hér á landi, og engir ættu meiri rétt á að fá að njóta lána úr þessum mikla sjóði en einmitt eigendur hans, meðlimir verkalýðsfélaganna.

Þá er gert svo ráð fyrir í 2. gr., að hægt sé að veita slíkt lán sem um getur í 1. gr. til endurbygginga á íbúð eða kaupa á eldri íbúð, en nú er mjög erfitt að fá slíkt lán eða að heita má ókleift.

Nánar í framsögu.